



Fundargerð stjórnar SSA nr. 4 starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 8. janúar 2013 kl. 13:00.

Fundarstaður: Fróðleiksmolinn Búðareyri 1, Reyðarfirði.

Mættir voru: Þórunn Egilsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn, óskaði fundarmönnum gleðilegs nýs árs og þakkaði samstarfið á liðnu ári. Gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA 22. nóvember 2012. Fundargerðin samþykkt.
- b) Framkvæmdarráðs SSA frá 06. og 20. desember 2012. Formaður fór yfir fundargerðirnar. Umræður urðu um almenningssamgöngur og tímasetningar strætó, á legnum Egilsstaðir – Akureyri. Fundargerðirnar samþykktar.
- c) Stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, fundir nr. 801 og 802. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
- d) Stjórnar Eyþings 236. fundur. Lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SASS 462. fundur. Lögð fram til kynningar.
- f) 43. aðalfundur SASS. Lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar SSNV dags. 19. nóvember og 4. desember 2012. Lagðar fram til kynningar.
- h) Stjórnar F.V. dags. 26. nóvember. Lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar SSV dags. 28. nóvember 2012. Lögð fram til kynningar.
- j) Samráðsfundur landshlutana um sóknaráætlun dags. 14. desember 2012. Lögð fram til kynningar.
- k) Vinnufundur um refa- og minkaveiðar dags. 18. desember 2012. Lögð fram til kynningar.
- l) Aukaaðalfundur Þróunarfélags Austurlands dags. 20. desember 2012. Lögð fram til kynningar.

2. Umsagnir um frumvörp:

- a) Umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Samþykkt að vísa málinu til framkvæmdarstjóra Austurbrúar til skoðunar.



3. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Umhverfisstofnun um kynningu á drögum að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslandi. Kynningin mun standa yfir til og með 7. maí 2013.
- b) Stjórn Vatnajökulshjóðgarðs, lagt fram til kynningar.
- c) Póst og fjarskiptastofnun. Ákveðið var að fá aðila með sérþekkingu á sviði fjarskiptamála inn á fund stjórnar og fara yfir málið.

4. Önnur mál:

- a) Samningur um greiðslur til verkefna samkvæmt sóknaráætlun. Verkefnastjóra falið að gera ákveðnar athugasemdir við samninginn.
- b) Samstarf sveitarfélagana. Rætt var um samstarfsmál og mikilvægi sameiginlegrar kynningar á Austurlandi fyrir fólk og fyrirtæki.
- c) Samþykkt að halda næsta stjórnarfund 5. febrúar nk. á Seyðisfirði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 17:00
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.